

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Rebekka Rut Ingvarsdóttir
Árnesi
801 Selfoss

Reykjavík, 12. júlí 2024
UST202406-342/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 - Búrfellshólmi - Búrfell - Nýtt efnistökusvæði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 27. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 þar sem að með breytingunni er sett inn nýtt efnistökusvæði á Búrfellshólmi austan Búrfells og í beinu framhaldi af núverandi efnistökusvæði E33.

Í greinargerð kemur fram að áætluð efnistaka er allt að 4,5 milljón m³ og að efnisnám nemi um 80.000-300.000 m³ á ári í 10-15 ár. Stærð svæðis er 189 ha. Um er að ræða vikurnámu og er vikurinn einkum unninn til útflutnings. Starfsemi á nýju efnistökusvæði verður að öllum líkindum unnin á sambærilegan hátt og áður hefur verið á Búrfellshólmi og gengið verði frá því svæði þar sem efnistöku er lokið jafn óðum. Unnið er að umhverfismati fyrir efnistökusvæðið.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi tillögu að matásætlun til skipulagsstofnunar þann 6. mars sl. og viðbótarumsögn vegna breytingar á framkvæmdinni 25. júní sl.

Í greinargerð breytingarinnar kemur fram að núverandi leið í og úr námunni liggur í vestur og yfir á Þjórsárdalsveg en Landvegur liggur austan við námuna. Farvegur Þjórsár liggur á milli framkvæmdarsvæðis og Landvegar en miðað við núverandi aðstæður væri því heppilegast að leggja slóða yfir farveg Þjórsár og komast þaðan upp á Landveg. Með því móti þyrfti ekki að aka eftir mannvirkjum Landsvirkjunar, akstursleið fyrir efnisflutninga myndi stytast en þá hentar Landvegur einnig betur til flutninga heldur en Þjórsárdalsvegur þar sem meðal annars er keyrt í gegnum Árnes. Slóði yfir Þjórsá þyrfti einungis að vera opinn yfir sumarmánuðina á meðan á efnistöku stendur en slóðinn myndi svo líklegast skolast að mestu leyti í burtu yfir veturinn. Árfarvegurinn er um 250 metra breiður á þeim stað sem væri hentugastur að leggja slóðann. Áætlunin væri þá að ryðja einfaldan slóða með jarðytu yfir farvegin og setja ræsisrör þar sem það á við. Engu efni væri keyrt í slóðann heldur einungis notast við efnið sem er í farveginum sjálfum til að lágmarka umhverfisáhrif og slóðinn væri hannaður þannig að þegar flæði í farveginum eykst þá myndi vatnið flæða yfir slóðann sjálfan sem yrði svo lagfærður við næsta tækifæri. Ræsisrörin væru svo fjarlægð á haustin þegar efnistöku líkur og því verður að teljast að þetta sé afturkræf framkvæmd. Að

lokum yrði svo komið fyrir hliðum við báða enda slóðans til að ganga úr skugga um að engin umferð færi þarna um, önnur en tengd efnistöknunni.

Verkefnið

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að verkefnið sem vel afmarkað og skýrt í matsskýrslu.

Í matsáætlun vegna verkefnisins er fjallað, auk efnistöknunar, um mögulega efnisvinnslu: „Efni er flutt beint frá námunni niður á láglandið þar sem það verður fullunnið og því myndast ekki stór lager af efni. Ekki liggur fyrir frekari staðsetning á vinnslu efnisins en efnið verður mulið, þvegið og harpað í viðeigandi stærðir en nánar verður fjallað um vinnslu efnis í umhverfismatsskýrslu“

Einnig er fjallað um í matáætlun um mögulega framleiðslu á sementi í Evrópu: „Sé vikurinn fluttur út til framleiðslu á sementi fylgir því tilheyrandi kolefnislosun.“ Matsspurningar undir loftslag eru: „a) Hvað er áætlað að það dragi mikið úr kolefnislosun við sementsframleiðslu við það að nota vikur í stað sementsklinkers? b) Hvað er áætluð kolefnislosun við það að flytja vikur frá námu til viðskiptavina í Evrópu?“ Umhverfisstofnun bendir á að sementsvinnsla í Evrópu er ekki undir í þessari framkvæmd heldur vikurnám við Búrfell.

Gróðurfar

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að vernd á grónum bökkum Þjórsár og Bjarnarlækjar.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti að fjalla nánar um afmörkun vinnslusvæðisins með tilliti til árbakkanna.

Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem vegslóðinn mun liggja yfir Þjórsá þarf að vinna áhrifamat í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og í samræmi við markmið vatnaáætlunar 2022-2027 um að allt vatn skuli vera í góðu ástandi.

Öll vatnshlot eiga að uppfylla þau umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir þau sem í tilfelli straumvatnshlota er að vera í að minnsta kosti góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Vatnshlotið sem vegslóðinn fer um er Þjórsá 2 (nr. 103-777-R).¹ Markmiðin eru lagalega bindandi og má ástandi vatnshlota ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega.

Ástand vatnshlotsins Þjórsár 2 er óþekkt vegna skorts á gögnum. Mikilvægt er að framkvæmdaraðili meti áhrif fyrirhugaðra framkvæmda, þ.e. vegslóða, á þá gæðapætti sem

¹ [Vatnavefsja \(vedur.is\)](http://vatnavefsja.vedur.is)

skilgreindir hafa verið fyrir straumvötn til að meta hvort að framkvæmdin muni valda því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum. Sjá nánar á vefsíðu stjórnar vatnamála.²

Áður en hægt er að veita leyfi fyrir framkvæmdinni þarf að gera mat á áhrifum á vatnshlotið. Gott er að það sé unnið samhliða eða sem hluti af umhverfismatskýrslu. Áhrifamatið skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Vatnshlotin sem um ræðir, ástand þeirra og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á þá gæðabætti sem notaðir eru til að ástandsmeta vatnshlotin.³ Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif á gæðabættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna. Einnig hvort umhverfismarkmið munu nást eða ekki. Hér þarf að hafa í huga bæði bein og óbein áhrif.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef í ljós kemur að umhverfismarkmiðin náist ekki).
- Möguleg samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotin.

Ef áhrifamatið leiðir í ljós að líkur séu á að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum um a.m.k. gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand þarf framkvæmdaraðili að óska eftir heimild Umhverfisstofnunar um breytingu á vatnshloti, skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Frágangur

Umhverfisstofnun telur að vegna efnistöku af þeirri stærðargráðu sem fyrirhuguð er sé nauðsynlegt að fyrir liggi fastmótaðar hugmyndir um útlit svæðisins og þeirra mannvirkja sem þar verða að efnistöku lokinni, en ekki að loknu matsferli í tengslum við útgáfu framkvæmdaleyfis.

Loftgæði

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að metin séu áhrif framkvæmdarinnar á loftgæði frá umferð. Umhverfisstofnun bendir á að til að fá marktæk gildi fyrir svifryk er ekki nægjanlegt að reikna eingöngu svifryk sem kemur frá útblæstri bíla heldur þarf einnig að felast í útreikningi um svifryk mögulegt ryk frá vegyfirborði.

Auk þess vill stofnunin benda á áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist *Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029* þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.

Virðingarfyllt,

² [Umhverfisstofnun | Vöktunaráætlanir og skipulagning vöktunar \(vatn.is\)](#)

³ Upplýsingar um gæðabætti má finna í [Vatnaáætlun 2022-2027](#).

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur